



KYNÁTTUNARVANDI BARNNA OG UNGLINGA


Frá sjónarhorni barna og foreldra

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og
fjölskyldumeðferðarfræðingur/ ráðgjafi hjá
Samtökunum '78

SAMTÖKIN '78

- Sinnt ráðgjöf í fjögur ár
- Í starfskýrslu Samtakanna fyrir árið 2009 er kynáttunarvandi ekki nefndur sem ástæða komu í ráðgjöf.
- Árið 2011 eru viðtöl við transfólk og ungt fólk í kynáttunarvanda um 1/3 allra viðtala í samtökunum '78.
- Hópur fyrir foreldra og aðstandendur transfólks og barna og unglunga í kynáttunarvanda.



- 
- Hvað er strákur?
 - Hvað er stelpa?
 - Hvenær vissir þú að þú ert stelpa eða strákur?
 - Hvernig veistu það?
 - Ef þú vaknaðir upp á morgun með kynfæri hins kynsins myndi það breyta því hver þú ert?



HUGTÖK UM KYN OG KYNHNEIGÐ

- KYNFERÐI – líffræðilegt (líkamlegt) kyn
 - KYNVITUND – innri tilfinning, upplifun á eigin kyni
 - KYNGERVI – hið félagslega kyn, hvað sýnum við
 - Tjáning kynvitunar
 - KYNHNEIGÐ – hverja við þráum til ásta
-
- KYNVITUND ER EKKI ÞAÐ SAMA OG KYNHNEIGÐ



FRÆÐSLA MIKILVÆG


„Þegar ég var yngri hafði ég aldrei heyrt um neinn sem væri að upplifa það sama og ég, fræðsla og kynning hefði hjálpað mér mikið og líka foreldrum mínum sem voru mjög opin og hefðu örugglega stutt mig hefðu þau haft tækifæri til þess, það bara héldu allir að ég væri hommi og studdu mig í því“ 22 ára transkona

- Mikil vitundavakning síðustu 2 árin
- Fræðsla og umræða hefur jákvæð áhrif

„Ég hef alltaf vitað að hún væri öðruvísi, hún sagði fyrst þegar hún var 2 ára „mamma ég er stelpa“. En það var ekki fyrr en hún var um 6 ára að ég vissi eitthvað um transfólk en það var mjög erfitt að fá upplýsingar“ móðir 12 ára transstelpu

„Ég var hrikalega hissa, í algjöru sjokki, hélt bara að þetta væri einhver vitleysa, ég vissi sáralítið um þetta“ Móðir 16 ára transstráks



- 
- Mismunandi á hvaða aldri fólk áttar sig á kynáttunarvanda
 - Sum börn byrja að tjá kynvitund andstætt kynferði strax og þau byrja að tjá sig
 - Önnur um eða uppúr kynþroska

„Þegar ég var lítill þá langaði mig líka til að skaða mig, ég meiddi mig mjög oft og ég held að ég hafi viljað meiða mig. Þegar ég var um 8,9 ára þá vissi ég að ég var eitthvað öðruvísi en vissi ekki hvernig“ 16 ára transstrákur

„Ég hef alltaf vitað að ég er stelpa, ég man ekkert eftir því þegar ég sagðist vera stelpa fyrst ég var svo lítill“ 12 ára transstelpa



GEÐRÆNN VANDI?

„Barnið mitt er ekki geðveikt“ móðir 12 ára transstelpu

- Kynáttunarvandi ekki geðrænn vandi.
- Frekar félagslegur vandi – barnið passar ekki inn í félagslega staðla um kynhlutverk.
- Aldrei upplifað sig sem vandamál.



GEÐRÆNN VANDI?

„okkur mislíkar að það sé talað um að þetta sé bara eitthvað geðrænt. Fólk sem er trans á að geta gengið um eins og annað fólk og sagt frá þessu eins og hverju öðru án þess að vera stimplað með geðrænan vanda“ móðir 16 ára transstráks

„Ég er ekki geðveikur, þó ég sé búin að berjast við þunglyndi og kvíða, það er út af því að ég var svo lengi að fela þetta“ 16 ára transstrákur

„Ég hræðist ekkert, ég er búin að hafa svo góðan tíma, ég hef alltaf vitað þetta. Ég hlakka bara til að allt verði eins og hún vill hafa það.“ móðir 12 ára transstelpu

„Ég hugsa eiginlega ekkert um þetta lengur, mér líður eins og stelpa og ég er stelpa“ 12 ára transstelpa



GEÐRÆNN VANDI?

- Geðrænn vandi hinsvegar oft afleiðing þöggunar og bælingar
- Það að segja ekki frá og bæla niður þessar tilfinningar getur valdið mikilli **reiði, kvíða, þunglyndi, sjálfskaða, átröskun og öðrum geðrænum vanda**

„Hann breyttist frá því að vera áhyggjulaus og brosandi í það að vera alltaf þungur og vildi ekki fara neitt, í 8.bekk var hann hættur að mæta í skóla og kvíðinn var orðinn mjög mikill þá leituðum við til sálfræðings“ móðir 16 ára transstráks



„LITLU“ VANDAMÁLIN

- Nafnið
- Klósett
- Sund/leikfimi
- Póstkassinn
- Kortin

„Mér finnst að ég ætti að geta breytt nafninu í þjóðskrá sem foreldri barnsins“ móðir 16 ára transstráks

- Getur haft gríðarlega mikil áhrif á líf fólks.



„Mig langar að fólk fangi hversu illa transfólki getur liðið, þetta er ekki eitthvað sem maður velur, ef maður gæti valið þá myndi maður velja að sleppa þessu.“ 16 ára transstrákur

○ **VITUM VIÐ NÓG?**

